

Minnisblað


til bæjarráða Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga frá Samráðshópi um framtíð Kólku

Bæjarráð sveitarfélaganna á Suðurnesjum samþykktu öll í júní 2019 að skipa samráðshóp eigenda um framtíð Kólku og sameiningarviðræður við Sorpu. Bæjarráð Reykjanes gerði slíka samþykkt á fundi 06.06.2019 og skipaði Friðjón Einarsson í hópinn, bæjarráð Grindavíkurbæjar 11.06.2019 og skipaði Hjálmar Hallgrímsson sem sinn fulltrúa, bæjarráð Sveitarfélagsins Voga 19.06.2019 og skipaði Ingbór Guðmundsson sem sinn fulltrúa og Suðurnesjabær á fundi 20.06.2019 þar sem Ólafur Þór Ólafsson var skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í samráðshópnum.

Fulltrúar í Samráðshópnum töluðu saman um verkefnið í júní án þess að formlegur fundur væri haldinn. Nú á haustdögum hefur hópurinn svo fundað tvisvar þar sem efni og niðurstaða þessa minnisblaðs var ákveðið. Þeir fundir fóru fram miðvikudaginn 18.09.2019 og föstudaginn 04.10.2019. Jafnframt funduðu F.E. og Ó.Þ.Ó. með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra Reykjavíkurborgar 04.07.2019 auk þess sem F.E. fundaði með Páli Guðjónssyni sem er verkefnastjóri fyrir starfshóp um heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu sem starfar í umboði SSH.

Fyrir starfshópnum lágu gögn og eru hér þau helstu talin upp:

- „Sameingin Sorpu og Kólku“ greinargerð Capacent frá desember 2018.
- „Sameining Kólku og Sorpu. Mat á fýsileika“ skýrsla frá Sperora frá apríl 2019.
- Drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum unnin af Umhverfisstofnun og birt í júní 2019.
- Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23.08.2019 um drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.
- Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 11.02.2019 um tillögu að sameiningu Sorpu og Kólku.
- Umsögn Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 21.05.2019 um sameiningu Sorpu bs. og Kólku sf.
- „Að tala einum rómi“ skýrsla frá Páli Guðjónssyni frá september 2003 um möguleika á samstarfi sveitarfélaga á suðversturhorni landsins um framkvæmd lögskipaðra verkefna við meðhöndlun úrgangs.
- „Upphafid- og núverandi staða“ kynning Páls Guðjónssonar fyrir samráðsvettvang sorpsamlaga dags. 05.06.2019 um samstarf fjögurra sorpsamlaga á Suðvestuhorninu 2005-2018.
- „Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu“. Samþykkt eigendafundar Sorpu bs. frá 07.07.2019.




Við yfirferð á gögnum og þeim upplýsingum sem liggja fyrir samráðshópnum má ljóst þykja að ekki sé ótvíræður vilji meðal eigenda Sorpu til sameiningar við Kólku. Þar ræður annars vegar sú stefna eigendanna að líta eigi til samstarfs fjögurra sorpsamlaga á suðvesturhorni landsins þegar unnið er að heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar að athugasemdir frá stofnunum Reykjavíkurborgar við sameiningu Kólku og Sorpu eru með þeim hætti að ólíklegt má teljast að borgin muni samþykkja sameiningunna. Við þetta bætist að ekki er eining á Suðurnesjum um það hvort hagsmunum svæðisins sé best borgið með sameiningu Kólku og Sorpu.

Í ljósi ofangreinds leggur starfshópurinn til að fallið verði frá hugmyndum um sameiningu Kólku og Sorpu með þeim hætti sem rætt hefur verið undanfarið. Í staðinn verði farið af krafti í samtal við Sorpu bs., Sorpstöð Suðurlands bs. og Sorpuröðun Vesturlands hf. um sameiginleg markmið og aðgerðir við meðhöndlun og förgun úrgangs. Það samtal verði unnið í samstarfi stjórnar Kólku og samráðshóps eigenda. Það er ljóst að til að takast á við breyttar kröfur í málaflokknum þurfa Suðurnesin að vera hluti af heildarlausn á stærra svæði sem nær yfir allt suðvestur-horn landsins. Sérstaklega þarf að horfa til þess hvar ný brennslustöð á að rísa, hvar nauðsynleg urðun á úrgangi geti farið fram, hvernig hægt sé að standa að aukinni og markvissari flokkun sorps og takast á við þær krefjandi áskoranir í umhverfismálum sem uppi eru á 21. öldinni. Starfshópurinn leggur áherslu á að starfsemi og þjónusta Kólku verði með óbreyttum hætti á meðan unnið er að þessu verkefni.

Lagt er til að starfshópurinn starfi áfram þar til að ákvörðun verði tekin um formlegt samstarf á milli sorpsamlaga á suðvesturhorni landsins eða ekki.

Gert á Suðurnesjum 4. október 2019



The image shows four distinct handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. The top signature is the most legible, appearing to read 'Hjálmar Halldórsson'. The second signature is a stylized cursive script. The third signature is also stylized and appears to have a period at the end. The bottom signature is the most abstract and difficult to decipher.